

Reglugerð

um veitingu heiðursviðurkenningar Íþróttabandalags Akraness

1. gr.

Stjórn Íþróttabandalags Akraness skal veita þeim heiðursviðurkenningu sem unnið hafa farsælt, óeigingjarnt og kraftmikið starf í mörg ár fyrir ÍA. Stjórn ÍA kýs heiðursfélaga og er kosning lögmat ef $\frac{3}{4}$ stjórnarmanna samþykkja hana.

2. gr.

Heiðursviðurkenningar eru þessar:

- a) Heiðursfélagi ÍA/ Heiðursmerki úr gulli
- d) Bandalagsmerki ÍA
- e) Starfsmerki ÍA

3. gr.

Heiðursfélaga skal afhent heiðursskjal og gullmerki ÍA. Heiður þessi er sá æðsti, sem Íþróttabandalag Akraness veitir. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum árgjöldum, en hafa öll réttindi í því íþróttafélagi sem þeir hafa starfið í.

Aðalstjórn ÍA gerir tillögu um veitingu heiðursmerkis úr gulli og skal kosning fara fram á stjórnfarfundi. Þetta heiðursmerki má veita félaga, fyrir áratuga frábært starf eða keppni í þágu bandalagsins

Merkið skal afhent á ársþingi ÍA eða við hátíðleg tækifæri.

4. gr.

Bandalagsmerki ÍA má veita aðilum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem félagsstjórnir ÍA telja ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd íþróttamálum. Meirihluti aðalstjórnar ÍA skal samþykkja að veita bandalagsmerkið. Merkið má aðeins veita einstaklingi einu sinni.

Merkið skal afhent á ársþingi ÍA eða við hátíðleg tækifæri.

7. gr.

Starfsmerki ÍA skal veita þeim, sem unnið hafa íþróttafrek á vegum bandalagsins, skarað fram úr eða unnið landsmót undir nafni ÍA. Stjórnir aðildarfélaga ÍA skulu gera tillögur til aðalstjórnar ÍA um hverjum skuli veitt merkið. Merkið má aðeins veita félagi einu sinni.

Merkið skal afhent á ársþingi ÍA eða við hátíðleg tækifæri.

8. gr.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar ÍA hafa einir rétt til þess að þær og er óheimilt að láta þær af hendi.

9. gr.

Stjórn ÍA skal halda gerðabók um heiðursviðurkenningar ÍA.

Reglugerð þessi er samþykkt á ársþingu ÍA 15. apríl 2015.